

Félagsleg réttindi



Félagsmálasáttmáli Evrópu, örstutt yfirlit

„Í mínum huga snýst vinna aðallega um það að ráða örlögum sínum, en vera ekki upp á miskunn annarra kominn.“

Gary Sinise

Mannréttindasáttmáli Evrópu tryggir borgaraleg og stjórnmáleg réttindi en Félagsmálasáttmáli Evrópu tryggir efnahagsleg og félagsleg réttindi borgara í aðildarríkjunum.

Evrópuráðið samþykkti Félagsmálasáttmálann árið 1961 og þremur bókunum var bætt við hann árin 1988, 1991 og 1995. Sáttmálinn og bókunin frá 1988 tryggja ýmis réttindi sem má skipta í tvo flokka:

- vinnuskilyrði, þar á meðal bann við nauðungarvinnu, jafnrétti á vinnustöðum, réttur til að vera í stéttarfélagi, bann við vinnu barna undir 15 ára aldri og vernd vinnandi fólks á aldrinum 15 til 18 ára, jafn réttur farandverkfólks og annarra o.s.frv.; og
- félagsleg samheldni, þar á meðal rétturinn til heilbrigðis, félagslegs öryggis, heilbrigðisþjónustu, réttur aldraðra á félagslegri vernd o.s.frv.

Hinn endurskoðaði félagsmálasáttmáli var samþykktur árið 1996. Hann tók gildi 1. júlí 1999 og mun smám saman koma í stað sáttmálans frá árinu 1961. Þessi nýi sáttmáli tryggir: jafnrétti karla og kvenna, vernd ef til uppsagnar kemur, rétt launþega til að starfa með reisn, vernd gegn fátækt og félagslegri útskúfun, rétt til húsnæðis, aukið jafnræði o.s.frv.

Í sáttmálanum er kveðið á um sérstakt eftirlitskerfi sem er byggt á því að aðildarríkin leggja fram skýrslur (bókunin 1991) og einnig kerfi fyrir kærur hópa (bókunin 1995) sem leyfir m.a. stéttarfélögum og frjálsum félagasamtökum að leggja fram hópærur.

? **Hvort finnst þér að almannatryggingakerfi eigi að vera einkarekin eða opinber?**

Rétturinn til atvinnu

Rétturinn til atvinnu, sem hluti félagslegra og efnahagslegra réttinda, er tryggður í alþjóðlegum samningum, svo sem Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (23. grein), Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (6. grein) og Félagsmálasáttmála Evrópu (endurskoðuðum).

Tengd verkefni

- Orðasafn um hnattvæðingu, bls. 192.
 - Borgirnar tvær, bls. 97.
 - Saga Ashiques, bls. 209.
 - Varið ykkur, við fylgjumst með!, bls. 245.
- Mismunandi laun, bls. 180.
 - Stjórnuþákort fátækta, bls. 230.
- Sjáðu hvað þú getur!, bls. 213.
- Stéttarfélagfundur, bls. 226.
 - Vinna og börn, bls. 253.

Þegar ríki viðurkennir réttinn til atvinnu skuldbindur það sig ekki til að tryggja öllum þeim vinnu sem vilja vinna; slíkt gæti reynst „óvinnandi vegur“. Í því felst öllu heldur að ríkinu beri skylda til að þróa þau efnahagslegu og félagslegu skilyrði sem þarf til að störf skapist.

Rétturinn til atvinnu er mikilvægur í sjálfu sér en einnig vegna þess að hann er frumskilyrði manngerðar reisnar. Ef rétturinn til atvinnu er ekki tryggður fyrst verða ýmis önnur grundvallarréttindi óhugsanleg.

Réttinum til atvinnu fylgir rétturinn til sanngjarna (eða viðunandi) vinnuskilyrða. Þessi réttur tryggir það sérstaklega að vera ekki mismunað, að fá sanngjarna þóknun og greiðslu fyrir frídaga og búa við öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem tryggir líkamlega og andlega vellíðan einstaklingsins. Þannig á að tryggja að menn starfi alla tíð við mannsæmandi skilyrði. Vinna á hvorki að verða óbærileg byrði né tilgangur í sjálfu sér, hún á að vera leið til að tryggja að í það minnsta frumþörfum, svo sem fyrir fæði, klæði, húsaskjól og menntun, sé fullnægt.

? Finnst þér að atvinnulaust fólk eigi að fá stuðning frá ríkinu?

Atvinna: sjónarhorn ungmennis

Vinna veitir annað og meira en það að geta séð fyrir sér sjálfur. Hún er einnig tæki til að öðlast lífsreynslu. Með vinnunni öðlast einstaklingar (einkum ungmenni) margs konar hæfni, allt frá tæknilegri grundvallarfærni til persónulegrar hæfni.

Atvinnuleysi og slæm vinnuskilyrði eru meðal þeirra flóknu og samtvinnuðu vandamála sem hindra að fólk fái notið sín til fulls og haldið þeirri reisu sem því ber. Sem dæmi um afleiðingar þessa má nefna að hugsanlega getur hinn atvinnulausi ekki séð sér og sínum fyrir viðunandi lífsskilyrðum, störfum á svörtum markaði, sem draga úr atvinnuöryggi og hindra að menn geti varið réttindi sín, kann að fjölga og þörf skapast fyrir viðamikil félagslegt kerfi til að aðstoða atvinnulausa.

Umskiptin úr skóla yfir í vinnu eru mikilvægur áfangi í persónulegum og faglegum þroska ungs fólks. Það getur haft alvarlegar afleiðingar að verða atvinnulaus á unga aldri. Atvinnuleysi ungs fólks tengist oft félagslegum vandamálum eins og ofbeldi, glæpum, sjálfsmorðum og misnotkun áfengis og lyfja.

Atvinnuleysishlutfall meðal ungs fólks er oft hærra en meðal fullorðinna. Þetta getur verið mikill eða lítill munur, allt eftir löndum.

„Verkamennirnir hafa hér engu að tapa nema hlekkjunum. Þeir hafa heiminn að vinna.“

Karl Marx

Hlutfall atvinnuleysis í nokkrum Evrópulöndum⁴⁵

Land	Atvinnuleysi ungs fólks (%)	Heildaratvinnuleysi (%)
Króaía	31,4	9,9
Þýskaland	10,7	9,9
Lettland	25,5	13,8
Rússland	26,8	13,3
Slóvakía	20,4	11,1
Spánn	39,2	20,9
Svíþjóð	11,2	5,3
Holland	5,1	3,8
Bretland	13,6	7,1

„Engum duga hæfileikarnir einir saman. Guð gefur hæfileika; vinna gerir hæfileikana að snilli.“

Anna Pavlova

Ýmsar ástæður eru fyrir miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks, t.d. skipting vinnumarkaðarins; tæknilegar og skipulagslegar breytingar sem hafa skapað kröfur um meiri hæfni og kreppa á vinnumarkaði sem hefur gert atvinnulausum erfiðara fyrir.

Stéttarfélög í þágu launafólks

Saga stéttarféлага er mjög löng. Réttindi launafólks hafa vissulega aukist, þó að hægt hafi gengið, og stéttarfélög hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þessu ferli.

Verkalýðsdagurinn: 1. maí

1. maí, alþjóðadagur verkalýðsins, er haldinn hátíðlegur til að minnast baráttu vinnandi fólks um allan heim og kom til í baráttu þess fyrir átta stunda vinnudegi. Þar sem verkamenn neyddust til að vinna tíu, tólf eða fjórtán stundir á dag fór stuðningurinn við átta stunda hreyfinguna ört vaxandi. Fyrstu dagar maímánaðar 1886 einkenndust af verkföllum og kröfugöngum í Bandaríkjunum. Nærri hálf milljón verkamanna tók þátt í 1. maí kröfugöngunum um landið allt. Í Chicago, til dæmis, tóku um 90.000 manns þátt í göngu.

Fljótlega urðu hátíðahöld 1. maí árlegur viðburður. Í æ fleiri löndum helguðu verkamenn sér þennan dag. 1. maí var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti í Rússlandi, Brasilíu og Írlandi árið 1891.

Stéttarfélög eru samtök launamanna (einnig eru til samtök atvinnurekenda) og megintilgangur þeirra er að gæta hagsmuna launamanna gagnvart atvinnurekendum. Rétturinn til að stofna og ganga í stéttarfélag er grundvallarmannréttindi. Skilvirk og virt verkalýðshreyfing er oft góð vísbinding um lýðræði og að mannréttindi séu virt.

Auk þess sem stéttarfélög berjast fyrir bættum vinnuskilyrðum hafa þau gegnt (og gegna áfram) lykilhlutverki í því að mynda félagslegar hreyfingar og stuðla að framförum í þjóðfélaginu.

Hlutverk stéttarféлага hefur verið mjög breytilegt í Evrópu. Í sumum löndum, þar sem fasa- og kommúnistastjórnir voru við völd, sölsuðu yfirvöld og ráðandi pólitísk öfl stéttarfélagin undir sig eða stofnuðu þau og gerðu að tækjum í sína þágu. Í ljósi þessarar sögulegu reynslu hafa margir efasemdir um hlutverk stéttarféлага og það er ekki fyrr en í seinni tíð sem launamenn í þessum löndum hafa farið að átta sig á því mikilvæga hlutverki sem stéttarfélagin hafa að gegna í baráttunni fyrir réttindum þeirra. Ýmislegt fleira, einkum hvað snertir hlutverk og skipulag stéttarféлага, er ólíkt innan Evrópu. Í flestum löndum skipa stéttarfélög sér þó saman í samtök.

Solidarnosc (Samstaða) var ný þjóðarhreyfing sem fór um allt Pólland á níunda áratug 20. aldar.

Hreyfingin byrjaði formlega með undirritun Gdansk-samkomulagsins 31. ágúst 1980, þar sem meðal annars var krafist réttar til að stofna sjálfstæð stéttarfélög og til að fara í verkfall. Í rauninni fór hún af stað þegar starfsmenn í skipasmíðaiðnaði ákváðu að mótmæla hinn 14. desember 1970 með fjöldagöngu frá skipasmíðastöðvunum niður í miðbæ Gdansk, sem var harkalega bæld niður af lögreglunni. Mörg verkföll sumarið 1980 sýndu að Samstöðuhreyfingin hafði náð fótfestu sem baráttuafli fyrir félagslegum breytingum í lýðræðisátt. Félagar í Samstöðu urðu yfir níu milljónir. Kúgunarstefna kommúnistastjórnarinnar kom berlega í ljós þegar Samstaða var bönnuð, og var þannig neydd til að starfa með leynd í nokkur ár.

Ungt fólk og aðild að stéttarfélögum

Undanfarin ár hefur orðið vart fækkunar ungs fólks í stéttarfélögum víða um lönd. Mörg stéttarfélög hafa verið sein að bregðast við breyttum aðstæðum ungs fólks og hefur stundum mistekist að setja fram stefnu sem höfðar það vel til ungmenna að þau gangi í félagin og tryggi þannig eðlilega endurnýjun félagsmanna. Þess vegna vinna nú mörg félög að stefnuskrá sem

tekur mið af þörfum og reynsluheimi ungs fólks og að skipulagsbreytingum til að koma til móts við þennan hóp. Sum hafa stofnað ungmennanefndir, eins og til dæmis ETUC og ICFTU – Alþjóðasamtök frjálsra stéttarféлага – hafa gert.

„Vinnan kennir þér hvernig á að fara að.“

Eistneskt máltæki



Ert þú í stéttarfélagi? Hefur þú einhvern tíma verið það?

- Á árunum 1988 til 1997 misstu félög sem áttu aðild að þýsku verkalýðssamtökunum (Deutscher Gewerkschaftsbund, DGB), hvorki meira né minna en 609.407 unga félagsmenn, eða 55,2%.
- Á árunum 1987 til 1999 dróst aðild ungs fólks á aldrinum 16 til 24 ára að stéttarfélögum í Svíþjóð saman úr 62,7% í 46,7%.
- Í Grikklandi segist 70,1% ungmenna ekki treysta stéttarfélögum samanborið við aðeins 22,9% sem treystu ekki hernum og 40,6% sem treystu ekki dómskerfinu.⁴⁵

Barnavinna

Vinna barna hefur verið mikið til umræðu að undanfögnu. Börn eru í alls konar vinnu, allt frá heimilisþjónustu til erfiðrar iðnaðarframleiðslu. Fjöldi barnanna sem hér eiga í hlut er ógnvænlegur.

Erfitt er að afla nákvæmra talna um barnavinnu því að yfirleitt er hún ólögleg. Talið er að um 250 milljónir barna á aldrinum fimm til fjórtán ára séu í vinnu; 120 milljónir í fullri vinnu og 130 milljónir í hlutastarfi.

Um 61% af þessum heildarfjölda (tæpar 153 milljónir) er í Asíu; 32% (80 milljónir) í Afríku og 7% (17,5 milljónir) eiga heima í Rómönsku Ameríku.

Barnavinna viðgengst einnig í mörgum iðnvæddum löndum og hún færir vöxt í Austur-Evrópulöndum.

Í hinni endurskoðuðu útgáfu Félagsmálasáttmála Evrópu er sterkar kveðið á um að vernd vinnandi barna og ungmenna skuli tryggð en gert var í sáttmálanum frá 1961. Í 7. grein (1) segir: „Í því skyni að tryggja skilvirka beitingu réttar barna og ungmenna til verndar skuldbinda samningsaðilar sig til: að kveða á um að lágmarksaldur til starfsráðningar skuli vera 15 ár, með fyrirvara um undantekningar vegna barna, sem ráðin eru til tiltekinna léttra starfa sem skaða ekki heilsu þeirra, siðferði eða menntun.“ Alþjóðavinnuálagstofnunin, sú stofnun sem aðallega sér um að setja alþjóðareglur og staðla um vinnu og vinnuskilyrði, hefur lengi beitt sér fyrir afnámi barnavinnu og hefur í því skyni sett fram tillögur og samþykktir. Tvær megin-samþykktir fjalla sérstaklega um barnavinnu.

1. Samþykkt stofnunarinnar um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausrar aðgerðir til að afnema hana (1999) kom til framkvæmdar árið 2000. Fyrri tilraunir til að binda enda á barnavinnu hafa mistekist og almennt hafa aðstæður vinnandi barna haldið áfram að versna. Þess vegna ákvað alþjóðasamfélagið, út frá hugmyndinni um „eitt skref í einu“, að útrýma verstu dæmum um barnavinnu.
2. Í nóvember 2001 höfðu 108 lönd fullgilt þessa samþykkt. Samþykkt stofnunarinnar um lágmarksaldur við vinnu (1973) er annað dæmi. Í fyrstu grein segir „Hvert ... aðildarríki ... skuldbindur sig til þess að fylgja stefnu, sem miðar að því að tryggja raunverulega afnám barnavinnu og að hækka smám saman lágmarksaldur við vinnu eða störf að því marki, sem er í fyllsta samræmi við líkamlegan og andlegan þroska ungmenna.“

Alþjóðavinnuálagstofnunin

hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að bæta réttindi launamanna og berast fyrir þeim og hefur lagt mikið af mörkum til fræðslu og uppbyggingar réttláttra kerfa sem efla réttindi launamanna. www.ilo.org

Hlutfall vinnandi barna á aldrinum tíu til fjórtán ára er: 30,1% í Bangladesh, 11,6% í Kína, 14,4% á Indlandi, 17,7% í Pakistan, 24% í Tyrklandi, 20,5% á Filabeinsströndinni, 11,2% í Egyptalandi, 41,3% í Kenýa, 25,8% í Nígeríu, 31,4% í Senegal, 4,5% í Argentínu, 16,1% í Brasilíu, 6,7% í Mexíkó, 0,4% á Ítalíu og 1,8% í Portúgal.

Ein af megináætlunum stofnunarinnar um afnám barnavinnu kallast Alþjóðaáætlunin um afnám barnavinnu (International Programme on the Elimination of Child Labour). Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 32. grein (1), segir svo: Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Ríki skulu setja lög um vinnuvernd barna.

Hnattvæðingin er farin að hafa veruleg áhrif á félagsleg réttindi.⁴⁷ Í rauninni ýtir hún undir atferli sem ógnar þeirri félagslegu ábyrgð sem yfirleitt er talin lágmarkstrygging fyrir viðunandi vinnuskilyrðum. Með tilkomu hins frjálsa markaðshagkerfis líta mörg fyrirtæki svo á að skorturinn á félagslegri vernd sé „ákjósanlegur“ þegar litið er til fjárfestinga og ódýrrar framleiðslu á vörum. Flutningur framleiðslu frá löndum þar sem vernd launamanna er óhjákvæmileg til annarra landa sem ekki hafa slíka vernd þykir gróðavænlegur kostur.

Í umhverfi þar sem höfuðmarkmið fyrirtækja er að auka hagnaðinn, jafnvel á kostnað félagslegra og vinnutengdra réttinda starfsmanna, skipta alþjóðlegir og svæðisbundnir samningar um félagsleg og efnahagsleg réttindi sköpum ef verja á rétt launamanna.

Heimildir

La Charte, ses protocoles, la Charte révisée, Útgáfa Evrópuráðsins, 1998.

Conditions of employment in the European Social Charter. Study compiled on the basis of the case law of the European Committee of Social Rights, Útgáfa Evrópuráðsins, 2000.

Pascual, S., Waddington, J., Young people: the labour market and trade unions. A report prepared for the Youth Committee of the European Trade Union Confederation, European Trade Union Confederation Publication, maí 2000.

Solidarnosc, www.solidarnosc.org.pl/

Taking steps; young people and social protection in the European Union, European Youth Forum.

Unicef (2000), "Young people in changing societies", Regional Monitoring Reports, No 7, Florence Innocenti Research Centre.

United Nations, World Bank, ILO Policy, A global alliance for youth employment: recommendations of the High Level Panel of the United Nations Secretary-General's Youth Employment Network, www.un.org/esa/socdev/youthemployment/index.html

